

Sp.

75. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson,
Bjartmar Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyfirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu.

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Lax- og silungsveiðar eiga sem fyrst að verða gildur tekjuliður víðs vegar um Ísland og almennt og heilsusamlegt sport landsmanna. Ræktun þessara fiska á að verða hagnýt atvinnugrein.

Með starfsemi laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði, sem ríkið rekur, er að sögn þegar fengin mikilsverð innlend reynsla um það, hvers þarf með og hvað þarf að varast á byrjunarstigum slíkrar starfsemi. Sums staðar erlendis er framkvæmd þessara mála orðin mótuð og hægt að fá fræðslu þaðan til hliðsjónar.

Ætlazt er til þess, að Kollafjarðarstöðin, auk þess að vera skóli í fiskeldi, selji í stórum stíl í framtíðinni seiði til annarra eldisstöðva og eigenda eða umráðamanna veiðivatna. Hins vegar er engan veginn hægt að gera ráð fyrir því, að hún geti séð fyrir þörfum allra landsmanna í þessum efnunum, enda vafasamt, að slíkt fyrirtæki aðeins á einum stað í landinu væri æskilegt.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja, að tímabært sé, að ríkið komi upp annarri klak- og eldisstöð laxfiska eða heiti áhrifum sínum til, að hún verði stofnsett.

Leggja flutningsmenn til, að sú stöð verði reist á Norðurlandi og athugað verði þá sérstaklega, hvort ekki sé heppilegt, að hún verði staðsett við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Telja má vist, að þar sé hægt að fá frá jarðhitalindum volgt vatn til afnota fyrir stöðina eftir þörfum.

Á Norðurlandi eru margar laxveiðiár og ótal smærri silungsár og stöðuvötn með silungi. Þar eru því geysileg fiskræktarskilyrði, sem bíða framkvæmdar. Í Norðurlandskjördæmi eystra hefur á mannfundum komið fram mikill áhugi á máli þessu.